

## ✉ Re: Eldisstöð Röndinni Kópaskeri-umsagnarbeiðni

Búið til	12.5.2021 11:46:20
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	12.5.2021 11:46:18
Tilheyrir	📁 202104-0051 - Eldisstöð Röndinni Kópaskeri-umsagnarbeiðni

### Efni

Re: Eldisstöð Röndinni Kópaskeri-umsagnarbeiðni

### Upplýsingar

Sent	12.5.2021 11:46:18	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Vinnsla

### Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	Tinna.Jonsdottir@skipulag.is

### Innihald

Góðan daginn,

Tilvísun í málsnr. 202104-0051 (SS)

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 27. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun um eldisstöð Röndinni Kópaskeri, Norðurþingi, skv. 8. gr. laga nr. 106/2000 og 17. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um tilkynningu til matsskyldu vegna sömu framkvæmdar þann 1.7.2020. Athugasemdir þær sem koma fram í umsögninni sem og niðurstaða hennar á enn við að mati Náttúrufræðistofnunar. Vísað verður í umsögnina við umfjöllun um matsáætlun hér í þessari umsögn.

Framkvæmdin er fyrirhuguð á svæði sem er á náttúruminjaskrá nr. 537 þ.e. sjávarbakkar frá Kópaskeri suður að Snartarstaðalæk. Jarðmyndun frá lokum ísaldar (Kópaskersskeyið), sjávarset með skeljum, jökulruðningur. Minjar um hopunarsögu ísaldarjökulsins. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsskyldu sagði "Með hliðsjón af hlutverki Náttúrufræðistofnunar er einna helst líklegt að neikvæð áhrif af fiskeldinu á náttúrufræðistofnunar svæðisins verði á jarðmyndanir og fuglalíf. Eins og tillögur um framkvæmdasvæðið eru settar fram hefur það að mati stofnunarinnar ekki áhrif á helstu jarðmyndanir á svæðinu þ.e. helstu jarðminjar frá lokum ísaldar sem eru ástæða þess að svæðið er á náttúruminjaskrá. Í skipulagstillögu sem Náttúrufræðistofnun fékk til umsagnar 18. desember 2019 var gert ráð fyrir að hverfisvernda jarðmyndanirnar. Þetta virðist ekki koma fram í matsskyldufyrirspurninni." Engin umfjöllun er heldur um mögulega hverfisvernd í matsáætluninni. Þar er gert ráð fyrir að mikilvægustu jarðminjum þ.e. sjávarbökkum og jökulruðningi verði hlíf með því að staðsetja lóðir, vegstæði og aðra framkvæmdaliði annars staðar á svæðinu. Engu að síður er ljóst að náttúruverndarsvæðið í heild sinni verður fyrir miklum

breytingum þó það sé vissulega raskað að hluta til í dag. Mikilvægt er að fjalla um í frummatsskýrslu og sýna með uppdráttum hvernig mikilvægustu jarðminjum innan svæðisins verður hlíft og segja frá þeim aðgerðum sem farið verður í til að koma í veg fyrir rask á framkvæmdatíma.

Fylgst verður með áhrifum vatnstöku á grunnvatn svæðisins. Stefnt er að því að nýta jarðsjó en einungis ferskvatn fyrir almenna notkun í þjónustuhúsnæði, ekki í sjálfru eldinu. Gert er ráð fyrir háu endurnýtingarhlutfalli á jarðsjónum (um 70%) sem er jákvætt því það dregur einnig úr affallsmagninu. Mikilvægt er að fylgjast vel með jafnvægi jarðsjávar og ferskvatns í grunnvatni og bregðast við ef röskun verður þar á vegna vatnstöku. Náttúrufræðistofnun vill jafnframt benda á ábendingu sem hún gerði í umsögn sinni um umsókn Rifós hf. um nýtingarleyfi til Orkustofnunar í febrúar síðastliðnum. Þar var bent á að ósamræmi væri milli þess nýtingarmagns sem óskað var leyfi fyrir (400 l/sek af jarðsjó) og þess sem tilkynning á matsskyldu til Skipulagsstofnunar byggðist á (200 l/sek). Það hefur ekki verið útskýrt frekar af hálfu framkvæmdaaðila. Mikilvægt er að samræmi sé milli þeirra upplýsinga sem koma fram um áætlaða vatnsnýtingu í ferli mats á umhverfisáhrifum og þess sem síðar er óskað eftir í leyfisumsókn til Orkustofnunar.

Áhrif á fuglalíf verða talsverð. Vísað er í umfjöllun um áhrif á fuglalíf í umsögninni um matsskylduna þar sem sagði "*Framkvæmdasvæðið er inn á svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur flokkað sem mikilvægt fuglasvæði, sjá hér <https://www.ni.is/node/21605> (<https://www.ni.is/node/21605%20>), og framkvæmdin mun hafa bein og umtalsverð áhrif á hettumáfs- og kríuvarp á svæðinu sbr. skýrslu Náttúrustofu Norðausturlands. Kríuvarpið er að stærstum hluta norðan lóðarmarka (um 74 pör innan lóðamarka en 167pör utan þeirra) en hettumáfsvarpið (áætlað um 49 pör) er allt innan þeirra og líklegt að það leggist af við framkvæmdirnar. Fjöldi kría á Melrakaslétu nær alþjóðlegum viðmiðum fyrir mikilvæg fuglasvæði, sjá hér [http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_55.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf) ([http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_55.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf)). Kríuvarpið í heild á Röndinni er „lítill“ hluti af heildarfjöld kría á Melrakaslétu. Á Röndinni er töluvert um lúpínu og í skýrslu náttúrustofunnar er lagt til, sem mótvægisáðgerð, að lúpína verði slegin eða beitt til að kría geti frekar nýtt sér þau svæði undir varp. Einnig mætti leggja af eða flytja hestagirðingu þar sem nokkuð er um kriur. Framkvæmdir ættu einnig að vera utan varptíma. Samkvæmt skýrslu náttúrustofunnar virðist ekki mikið um varp annarra fuglategunda innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis." Þessi tilmæli eiga enn við og mælt með að taka þau til umfjöllunar í frummatsskýrslu.*

Fram kemur í matsáætlun að ekki sé stefnt að því að kanna frekar áhrif framkvæmdarinnar og starfsemi landeldisins á viðtaka þ.m.t. set eða botndýralíf næst Röndinni. Er það vegna þess að affallsvatn verður síað í hreinsikerfi áður en því er hleypt til sjávar og það affall sem losast verði að mestu lífagnalaust þegar það berst til sjávar. Er þessi ákvörðun tekin að höfðu samráði við Umhverfisstofnun. Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að árangur þessarar aðferðar sé vaktaður vandlega, og metin möguleg áhrif þess ef hreinsikerfið bilar og óhreinsað affall berst til sjávar og mótvægisáðgerðir því tengdu útfærðar. Grunnathuganir á lífríki strandsvæðisins næst útrás affallsins væru því æskilegar í þessu ljósi þar sem fjörlíf svæðisins er ekki þekkt.

Náttúrufræðistofnun tekur undir að ekki sé þörf á frekara mati á áhrifum á gróðurfar, það er fábreytt að mestu á áhrifasvæði framkvæmdarinnar.

Ekki er stefnt að því að meta hljóðmengun sérstaklega. Náttúrufræðistofnun vill benda á að hljóðmengun hefur ekki einungis áhrif á nálægar byggðir fólks heldur einnig lífríki. Til dæmis eru varplönd ýmissa fugla við tjarnir austan við Röndina.

Náttúrufræðistofnun vill ítreka fyrra álit sitt úr umsögn um matsskyldu varðandi fiskeldið en þar sagði "*Í fiskeldinu verður áframeldi á laxaseiðum af Saga stofni, framandi tegund af laxi, sem síðan verður fluttur í sjókvíar Fiskeldis Austfjarða. Eins og komið hefur fram í fjölmörgum umsögnum Náttúrufræðistofnunar leggst stofnunin almennt gegn sjókvíaeldi með frjóum kynbættum laxi af framandi tegund, Saga stofni, sem rekstur þessarar eldisstöðvar á landi byggir á. Stofnunin telur hins vegar að eldi á þessu svæði sem afmarkaða einingu ekki valda umtalsverðum umhverfisáhrifum ef tryggt er að seiði sleppi ekki til sjávar.*"

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að greint sé frá mikilvægustu atriðum er varða mat á umhverfisáhrifum í matsáætluninni. Ítrekuð eru fyrri tilmæli er varða vernd jarðminja og aðgerðir vegna fuglalífs og að tryggt sé að seiði geti ekki sloppið úr stöðinni til sjávar. Auk þess er mælt með því að gera grunnathuganir á lífríki strandsvæðisins næst útrás affallsins til að geta lagt mat á möguleg áhrif þess ef tilætlud hreinsun affallsvatns heppnast ekki sem skyldi.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500.      www.ni.is (http://www.ni.is/)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Tinna Jónsdóttir - SLS" <Tinna.Jonsdottir@skipulag.is>  
**To:** "Norðurþing" <nordurthing@nordurthing.is>; "fiskistofa" <fiskistofa@fiskistofa.is>; "Guðni Magnús Eiríksson - FISK" <Gudni.M.Eiriksson@fiskistofa.is>; "Hafrannsóknastofnun" <hafogvatn@hafogvatn.is>; "Rakel Guðmundsdóttir" <rakel.gudmundsdottir@hafogvatn.is>; "Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra" <hne@hne.is>; "Matvælastofnun" <mast@mast.is>; "Minjastofnun Íslands" <postur@minjastofnun.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "OS netfang" <os@os.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Veðurstofa Íslands" <skrifstofa@vedur.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>  
**CC:**  
**Subject:** Eldisstöð Röndinni Kópaskeri-umsagnarbeiðni  
**Date:** 27.4.2021 17:05:33

Góðan dag,

Meðfylgjandi er rafræn greinargerð vegna ofangreindar framkvæmdar. Formleg umsagnarbeiðni ásamt útprentaðri greinargerð mun berast yður í bréfpósti á næstu dögum.

Umsögn óskast send á skipulag@skipulag.is (mailto:skipulag@skipulag.is) og tinna.jonsdottir@skipulag.is (mailto:tinna.jonsdottir@skipulag.is) fyrir 13. maí nk.

Með kveðju,/ Kind regards,

---

**Tinna Jónsdóttir**

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland - Iceland

sími 595 4100

Tinna.Jonsdottir@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun

Viðhengi

image001.png (5 KB)

